



Bókun byggðaráðs vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun á byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2025 – 2026

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir meðfylgjandi tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2025/2026 (sjá fskj. 05.2 í fundargerð byggðaráðs frá 13.01.2026)).

Langesbyggð – Byggðaráð 49. fundur 13.01.2025

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2025/2026	
Sveitarfélag:	Langesbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Bakkafjörð og Þórshöfn
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tekið fyrir á 49. fundi byggðaráðs Langesbyggðar þann 13. janúar 2026.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr stafliður svohljóðandi: Stærð fiskiskips er minni er 300 brúttótonn.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Var í reglum fyrra árs. Rökin eru sem fyrr tryggja að úthlutunin fari til skipa sem landa í byggðarlaginu en ekki stærri skipa.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	



Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstök- um sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan <u>sveitarfélagsins</u> á tímabilinu 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákveðin hagræðing fyrir útgerðir að getað landað innan sveitarfélags. Hefur ekki áhrif á tekjur sveitarfélagsins.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2025 til 31. ágúst 2026.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Vegna ártíða bundinni sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á að heimilt verði að landa afla til vinnslu sem telja á til byggðakvóta innan Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar varðandi byggðakvóta á Bakkafirði og Þórshöfn.